

Steinadalsvegur (690) Gilsfirði, Dalabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 21. febrúar 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um endurbyggingu Steinadalsvegar (690), milli Vestfjarðarvegar (60) og Ólafsdals í sunnanverðum Gilsfirði í Dalabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Landsnets, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rarik og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Steinadalsvegur (690) í Dalabyggð, Vestfjarðarvegur (60) – Ólafsdalur. Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu. Hönnunardeild og Vestursvæði Vegagerðarinnar, febrúar 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Dalabyggð dags. 14. apríl 2023
- Fiskistofu dags. 2. mars 2023
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 30. mars 2023
- Landsneti dags. 30. mars 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 29. mars 2023

Ekki bárust umsagnir frá Rarik og Umhverfisstofnun

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 3., 29., 30. mars og 3. apríl 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu á um 6,5 km löngum kafla á Steinadalsvegi (690), milli Vestfjarðarvegar (60) og Ólafsdals í sunnanverðum Gilsfirði í Dalabyggð. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar með aukið umferðaröryggi og greiðfærni í huga. Áætluð efnispörf endurbyggðs vegar er um 70 þúsund m³ og er efnistakan fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi (40.000 m³) og úr tveimur opnum námum í nágrenni við framkvæmdasvæðið (30.000 m³) þ.e. námu E-64 við Ólafsdalseyrrar og námu E2-Króksfjarðarnes -Stallar í Reykhólahreppi. Byggja á veginn upp sem mest eftir núverandi vegi og leggja á hann bundið slitlag og bæta sjónlengdir. Uppfylla á kröfur um öryggissvæði og setja vegrið ásamt því að breikka veginn.

Vegurinn verður hannaður samkvæmt staðli fyrir skert C7 snið, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Klæðing verður 6,3 m breið. Plan- og hæðarlega vegarins gerir það að verkum að valinn hönnunarhraði verður 70 km/klst og skiltaður hraði sá sami. Burðarþol vegarins mun miðast 10,0 t. Halli í vegköntum í fyllingum (vegflái) verður 1:3. Hæðarlega vegarins og blindhæðir verða lagfærðar. Snjósöfnun og hrunhætta er úr hlíðinni ofan við veginn. Á



Þeim stöðum verða rásir útfærðar breiðari þar sem pláss leyfir til að taka betur við mögulegu hruni. Vegurinn verður í núverandi vegstæði, nema á um 180 m löngum kafla vegna lagfæringa á krappri beygju sem þar er. Vegtengingar, s.s. að slóðum verða aðlagðar nýrri hæðarlegu endurbyggðs vegar. Brú á Ólafsdalsá verður ekki endurnýjuð en vegriðsendar hennar verða lengdir um 40-50 m beggja vegna.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan svæðis á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðis Ólafsdals í Gilsfirði. Í nágrenni framkvæmdasvæðisins er friðlýst svæði Breiðafjarðar og grannsvæði vatnsverndar. Endurbygging vegarins felur ekki í sér breytingu á vegstæði nema á 180 m kafla, nýtt vegsvæði á þeim kafla er utan allra verndarsvæða. Þar sem um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar sem liggur þegar um svæði á náttúruminjaskrá, eru áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði talin óveruleg.

Í umsögn Landsnets kemur fram að hugsanlega verði skipaður spennuvörður á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Geirlandslína 1 liggir um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Línun liggir nokkuð samsíða vegarkaflanum sem um ræðir og þveri núverandi veg á þremur stöðum. Auk þess liggir vegurinn á köflum mjög nærri helgunarsvæði línunnar. Gert sé ráð fyrir efnistöku úr tveimur námum sem liggja undir Geirlandslínu og neðan línunnar í nokkrum halla. Samráð skal haft við Landsnet um framkvæmdir innan helgunarsvæða háspennulína á vegum fyrirtækisins.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst hafa samráð við Landsnet um framkvæmdina og sækja um öll tilskilin leyfi vegna hennar.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að landslaginu á framkvæmdarsvæðinu hafi þegar verið raskað með mannvirkjagerð, ræktun, beit, efnistöku og slóðum. Framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd, enda sé að mestu leyti um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Endurbyggður vegur muni verða jafnari í landinu og breiðari en núverandi vegur og með meira aflíðandi fláum. Á því svæði þar sem vegurinn verði endurbyggður innan verndarsvæðis, verði hann lagður á fyllingu og hvergi á skeringum.

Jarðmyndanir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdin sé að hluta til inni á svæði á C-hluta náttúruminjaskrár en þar séu fundarstaðir merkra sjávarsetlaga með skeljaleifum frá lokum ísaldar á um 200 m breiðu strandbelti. Áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir á svæðinu verði lítil þar sem framkvæmdin sé að mestu leyti um núverandi veg. Framkvæmdasvæðið einkennist aðallega af jökulruðningi og ummerkjum um hærri sjávarstöðu en slíkar jarðmyndanir séu algengar á landsvísu og verndargildi þeirra talið lágt.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að það ætti að láta stofnunina vita ef fornskeljar finnast við sunnanverðan Gilsfjörð þar sem rannsóknir á setlögum skortir. Ef vel sé hugað að frágangi og forðast sé óþarfa rask á framkvæmdatíma, líkt og stefnt sé að, telur Náttúrufræðistofnun Íslands afar ólíklegt að framkvæmdin komi til með að valda neikvæðum umhverfisáhrifum.



Í umsögn Dalabyggðar kemur fram að fari vegstæði nær stórstraumsfjöru en 50 m skuli leita álits Breiðafjarðarnefndar.

Í svari Vegagerðarinnar við umsögnunum kemur fram að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé möguleiki á að vegsvæðið verði lítillega innan 50 m frá stórstraumsfjöru á um 350 m kafla. Þegar hefur verið haft samband við Breiðafjarðarnefnd vegna málsins. Einnig hyggst framkvæmdaraðili sjá til þess að fylgst verði með framkvæmdinni m.t.t. fornskelja í setlögum og það tilkynnt til Náttúrufræðistofnunar Íslands ef slíkt finnst.

Gróðurfar - Fuglar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að engin svæði á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði séu undir sérstakri vernd náttúruvæðingarskv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdarsvæðinu þar sem um sé að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Við frágang framkvæmda verði stefnt að því að endurheimta staðargróður og ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða. Ef lífrænt efni finnst við framkvæmdir verði því efni ýtt í hauga áður en framkvæmdir hefjast og því jafnað yfir við frágang.

Fram kemur að framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur.

Laxfiskar og veiði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdir við lengingu vegriða við brú yfir Ólafsdalsá gæti haft tímabundin áhrif á veiði á meðan á framkvæmdum stendur vegna hávaða og umferðar vinnuvéla. Framkvæmdasvæðið verði takmarkað eins og kostur er og árbökkum hvergi raskað. Eftirlit verði með áhöldum og vélum sem notaðar verði við verkið og það tryggt að óæskileg mengandi efni berist ekki út í árvatnið.

Fornleifar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fornminjar hafi verið skráðar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fjórir þekktir minjastaðir séu í og við framkvæmdasvæðið. Fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn fyrir friðhelgunarsvæði eins þeirra, þ.e. gerðis. Minjastofnun hafi heimilað að framkvæmdir fari inn fyrir friðhelgunarsvæði minjanna með því skilyrði að tekið sé fullt tillit til þeirra við framkvæmdirnar, þ.e. að þær verði merktar á áberandi hátt og að verktökum sé gert viðvart um þær svo þær raskist ekki af vangá, sbr. fylgiskjal 1 með greinargerð - *Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 13. desember 2022*. Vegagerðin hefur fallist á það og mun fara að tilmælum Minjastofnunar Íslands.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við auglýsta tillögu að nýju Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 og deiliskipulag Ólafsdals frá árinu 2017.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Dalabyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdarleyfi.

Sækja þarf um starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Leyfi þarf frá Fiskistofu vegna framkvæmda í eða við veiðivötn skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Ef raska þarf fornminjum þarf að afla leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar.

Leyfi þarf frá Landsneti vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.



6 Niðurstaða

Um er að ræða endurbyggingu Steindalsvegur (690) í Gilsfirði á um 6,5 km löngum kafla. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengunar og ónæðis, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Hér er um að ræða umfangslitlar framkvæmdir við endurbyggingu 6,5 km vegarkafla Steinadalsvegur í Gilsfirði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð og mun endurbygging vegarins fylgja núverandi vegstæði að langmestu leyti. Ekki eru líkur á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á verndargildi svæðis á náttúruminjaskrá eða þess hluta sem nýtur hverfisverndar Ólafsdals í Gilsfirði, vegna takmarkaðra áhrifa á ásýnd og lítils rasks af þeirra völdum vegna skeringa meðfram núverandi vegstæði, breikkun vegarins, nýrri hæðarlegu og lagfæringu vegriða. Stofnunin telur jafnframt að þar sem rask verður minniháttar muni áhrif á gróðurfar, jarðminjar, vatnafar, fugla eða annað dýralíf ekki verða veruleg. Skipulagsstofnun leggur áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdirnar til þess að draga úr líkum á mögulegum áhrifum á ofangreinda umhverfispætti. Skipulagsstofnun leggur jafnframt áherslu á mikilvægi tilmæla Minjastofnunar Íslands sem fram koma í fylgiskjali 1 og að farið verði eftir þeim; þannig sé dregið úr hættu á óparfa raski á fornminjum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. maí 2023.

Reykjavík, 21. apríl 2023

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir